

Seltjarnarnesbær



*Könnun á viðhorfum foreldra barna  
hjá dagforeldrum á Seltjarnarnesi.*

- Niðurstöður -

Fræðslusvið  
apríl 2012

## Inngangur

Skólanefnd Seltjarnaress veitir starfsleyfi til dagforeldra og sinnir lögbundnu eftirliti með starfseminni eins og kveðið er á um í reglugerð félagsmálaráðuneytisins [nr. 907 frá 2005](#). Skólanefndin ákvað á fundi sínum 7. mars 2012 að lögð yrði könnun fyrir foreldra sem nýta þjónustu dagforeldra á Seltjarnarnesi í þeim tilgangi að afla upplýsinga um þjónustuna og fylgjast með þróun viðhorfs meðal foreldra til daggæslunnar. Fræðslusviði var falin fyrirlögn og úrvinnsla könnunarinnar.

Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi. Góð daggæsla byggir á jákvæðu og traustu sambandi og virðingu á milli dagforeldra og foreldra. Vellíðan barnsins í daggæslu veltur á góðu samstarfi á milli aðila. Dagforeldrar vinna mikilvægt umönnunar- og uppeldisstarf og bera ábyrgð á andlegri og líkamlegri velferð barna í þeirra umsjón. Þetta á jafnt við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útiveru, tilfinningalíf og félagslega líðan. Í könnuninni var leitast við að afla upplýsinga varðandi framangreinda þætti.

Í skýrslu þessari eru kynntar niðurstöður könnunar sem fræðslusvið Seltjarnarnesbæjar gekkst fyrir á viðhorfi foreldra til þeirrar þjónustu sem dagforeldrar á Seltjarnarnesi veita börnum og foreldrum. Könnunin var lögð fyrir að beiðni skólanefndar í marsmánuði 2012. Spurningar voru settar fram ýmist í formi opinna spurninga eða fullyrðinga (sjá fylgiskjal).


Baldur Pálsson,  
fræðslustjóri

## Helstu niðurstöður


- Foreldrum 28 barna var boðin þátttaka í könnuninni. Svarhlutfall var 53,5%.
- Á heildina litið eru foreldrar eru nánast undantekningalaust ánægðir með þjónustu dagforeldra.
- Allir foreldrar sem þátt tóku í könnuninni telja að líðan eigin barns sé mjög góð í daggæslunni og að dagforeldrar leggi sig fram við að koma á móts við þarfir þeirra og væntingar.
- Foreldrar sem svöruðu könnuninni eru allir mjög ánægðir með samskipti, dagskipulag og aðlögun barna að dagvistuninni.
- Almenn ánægja er meðal foreldra varðandi framkomu dagforeldra og fæðið sem börnunum er boðið er upp á.
- Ein umkvörtun barst varðandi öryggi við aðkomu að húsnæði.

## Niðurstöður könnunarinnar


Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ertu með þjónustu dagforeldris barnsins þíns / barnanna þinna á heildina litið? Af þeim sem svöruðu könnuninni sögðu 86,6% sig vera mjög ánægðá með þjónustuna og 6,6% töldu sig frekar ánægðá, en 6,6% sögðu sig mjög óánægðá.




Allir foreldrar sem þátt tóku í könnuninni töldu að líðan eigin barns væri mjög góð í daggæslunni.




Varðandi vistun barna hjá dagforeldri voru foreldrar spurðir út í ánægju sína með aðlögun barns, aðstöðu hjá dagforeldri, framkomu dagforeldris, fæðið sem börnunum er boðið, dagskipulag og samskipti við dagforeldri. Almennt eru foreldrar mjög ánægðir með alla þessa þætti þar sem 100% þátttakenda sögðu sig mjög ánægða með aðlögun barns, dagskipulag og samskipti sín við dagforeldri og allir sögðust mjög ánægðir eða frekar ánægðir með framkomu dagforeldris og fæðið sem er í boði. Aðeins voru skiptar skoðanir þegar spurt var um ánægju með aðstöðu, þó að 86,7% hafi sagt sig mjög ánægð eða frekar ánægð með aðstöðuna.




Langflestir foreldrar sem tóku þátt í könnuninni telja að dagforeldri sinni þeim þáttum vel sem lúta að öryggi barnsins. Af þeim sem svöruðu töldu 80% þátttakenda mjög sammála og 20% frekar sammála um að öryggisþáttum væri vel sinnt.




Af þeim sem svöruðu könnuninni sögðu 82% þátttakenda dagforeldri hafa kynnt þeim reglur sem snúa að daggæslu í heimahúsi. Aðrir þátttakendur töldu sig ekki hafa fengið kynningu á reglum eða svöruðu ekki spurningunni.




Þegar spurt var um hvort foreldrar hefðu daglega aðgang að upplýsingum um dagskipulag fyrir barnið, svöruðu 73% því játandi. Af þeim sem svöruðu nei við spurningunni tóku flestir aðilar það fram að þeir fengju greiðlega upplýsingar ef um væri spurt.




Alls sögðust 72% foreldra hafa daglega aðgang að upplýsingum um fæði fyrir barnið. Af þeim sem svöruðu nei við spurningunni tóku flestir aðilar það fram að þeir fengju greiðlega upplýsingar ef um væri spurt.



Langflestir eða 93% svarenda sögðust fá daglega upplýsingar um hvernig gæslan hafi gengið, en aðrir sögðust fá upplýsingar ef um væri spurt.



Allir sem svöruðu könnuninni sögðu að dagforeldri legði sig fram við að koma til móts við þarfir þeirra og væntingar.



Undir liðnum annað sem þú vilt koma á framfæri nýttu foreldrar tækifærið til þess að koma með jákvæðar athugasemdir á borð við:

*Hæst ánægð með hversu ... er dugleg við að fara út með krakkana. – Ánægð með að ... bjóði upp á að sofa inni þegar það er kalt. – Sérstaklega hlýtt viðmót og alúð lögð í alla umönnun og samskipti. – Við erum sérstaklega ánægð og heppin með okkar dagmömmu. ...er frábær í alla staði. Mikill metnaður og framúrskarandi þjónusta. Dóttir okkar hlakkar til að fara til ... á hverjum morgni.*



## Fylgiskjal

1. Hversu ánægð(ur) / óánægð(ur) ertu með þjónustu dagforeldris barnsins þíns / barnanna þinna á heildina litið?

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki né
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)

2. Ég tel að líðan barnsins míns hjá dagforeldri sé

- Mjög góð
- Frekar góð
- Sæmileg
- Slæm
- Mjög slæm

3. Varðandi vistun barnsins míns hjá dagforeldri er ég sérstaklega ánægð(ur) / óánægð(ur) með

(5 mjög ánægð(ur), 1 mjög óánægð(ur))

	5	4	3	2	1
Aðlögun barns					
Aðstöðu					
Framkomu dagforeldris					
Fæði					
Dagskipulag					
Samskipti mín við dagforeldri					

4. Dagforeldri sinnir þeim þáttum vel sem lúta að öryggi barnsins

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki né
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

